



## Sveitarstjórnarfundur 15. janúar 2024

Mánudaginn 15. janúar 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 18. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Ingólfur Árni Haraldsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 10, 11 & 12

### Dagskrá 18. fundar:

1. Fundargerð 17. sveitarstjórnarfundar 30.12.2023
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrir fundir
4. Fjárhagsáætlun 2024 og fjögurra ára áætlun 2024 – 2027 – Seinni umræða
5. Aðal- og deiliskipulag í landi Hveravíkur
6. Leiguhúsnæði Kaldrananeshrepps
7. Störf undanþegin verkfallsheimild 2024
8. Erindi Sorpsamlags Strandasýslu
9. Styrkir vegna starfstengdra námskeiða
10. Erindi Vestfjarðastofu
11. Húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps
12. Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytinga á Drangnesi og í landi Skarðs og deiliskipulagsgerðar

### Fundargerð:

#### 1. Fundargerð 17. sveitarstjórnarfundar 30.12.2023.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

#### 2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

#### 3. Aðrar fundargerðir

a. 55. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 30.08.2023.  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

b. 56. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 27.09.2023.  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- c. 57. stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, 17.11.2023.  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

#### 4. Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025 – 2027 – Seinni umræða

Kristján Jónsson, endurskoðandi sveitarfélagsins gerir grein fyrir fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025-2027.

Fjárhæðir í þúsundum króna

	<u>A hluti</u>	<u>A og B hluti</u>
Rekstrarniðurstaða 2024	37.420	34.018
Handbært fé frá rekstri	40.677	44.926
Fjárfestingar nettó	152.000	187.000
Tekin ný langtímalán	60.000	95.000
Handbært fé í árslok	10.896	11.984

Fjárhagsáætlun rædd.

Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun óbreytta.

Tillögur að tekjustofnum og gjaldskrá 2024 voru teknar fyrir á síðasta sveitarstjórnarfundum sem haldinn var 30. desember sl.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### 5. Aðal- og deiliskipulag í landi Hveravíkur

Tillaga að breytingu Aðalskipulags Kaldrananeshrepps 2010-2030 vegna breyttrar landnotkunar í Hveravík ásamt samsvarandi deiliskipulagstillögu í landi Hveravíkur hefur verið auglýst sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Umsagnir bárust frá Vegagerð, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og athugasemdir frá erfingjum Líneykar Sóleyjar Loftsdóttur, bréf dags. 11.12. 2023 og varðar landareign lnr 141771 sk. „Jósteinsblett“. Efni umsagna og athugasemda og viðbrögð við þeim eru eftirfarandi:

Vegagerðin gerði hvorki athugasemdir við tillögu að aðalskipulagsbreytingu né deiliskipulagstillögu, sbr. umsagnir dags. 20.11.2023, og kalla umsagnirnar ekki á sérstök viðbrögð eða lagfæringar tillagnanna.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða dags. 18.12.2023 um deiliskipulagstillögu eru ekki gerðar athugasemdir en sett fram ábending um fyrirkomulag hreinsivirkja frá frístundahúsum. Á deiliskipulagsupphráttum eru rofþrær merktar innan lóða og kallar umsögnin ekki á lagfæringar auglýstrar tillögu.

Athugasemdir landeigenda sk. Jósteinsblettis um merkingu jarðamarka í skipulagstillögum eiga ekki við deiliskipulagstillögu þar sem umrædd spilda er staðsett utan við skipulagsmörk deiliskipulagstillögunnar. Mælikvarði sveitarfélagsupphráttar aðalskipulagsins svo stór að ekki er um að ræða nákvæma

staðsetningu landnotkunar sem hafi bein áhrif á núverandi landnotkun og nýtingu Jóstainsblettis. Jarðamörk og lóðamörk eru ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Því er hvorki talin þörf á að breyta auglýstri aðalskipulagsbreytingu né deiliskipulagstillögu vegna athugasemdanna er varða Jóstainsblett.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 við Hveravík sbr. 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga og deiliskipulag Hveravíkur sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Skipulagsfulltrúa er falið að auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar og senda aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulag Hveravíkur til Skipulagsstofnunar, sbr. 2. mgr. 32. gr. og 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **6. Leiguhúsnaði í Kaldrananeshreppi**

Tekin var umræða um leiguhúsnaði Kaldrananeshrepps t.a.m. almenn eftirspurn eftir leiguhúsnaði, viðhald fasteigna og leiguhúsnaði sem er tilbúið til útleigu.

#### **7. Störf undanþegin verkfallsheimild 2024**

Lagður var fram listi um störf sem undanþegin eru verkfallsheimild á árinu 2024 samkvæmt 5.-8. t.l. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og með síðari breytingum um kjarasamninga aðildarfélaganna ASÍ.

Listi lagður fram til kynningar.

Sveitarstjórn gerir engar athugasemdir.

Þjónustufulltrúa falið að hafa samráð við viðeigandi stéttarfélög og í kjölfarið senda listann til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Borið upp og samþykkt.

#### **8. Erindi Sorpsamlags Strandasýslu**

Erindi barst frá Sorpsamlagi Strandasýslu sem hefur fest kaup á pappapressu. Kaupin teljast mikilvæg en pressan einfaldar allan flutning á pappa suður og farið verður með 5-6 sinnum meira magn í hverri ferð.

Kostnaður er um 2 milljónir króna fyrir Kaldrananeshrepp í sinn hlut.

Erindi lagt fram til kynningar.

Málinu er frestað til næsta fundar.

Borið upp og samþykkt.

#### **9. Styrkir vegna starfstengdra námskeiða**

Almenn umræða er rekin um úthlutun styrkja vegna starfstengdra námskeiða.

Finnur, Hildur og Ingólfur sitja hjá.

Sveitarstjórn ákveður að greitt verður 50% af námskeiðsgjaldi starfsmanna

sveitarfélagsins, þó ekki meira en 250.000kr.- fyrir hvert námskeið.  
Borið upp og samþykkt með greiddum atkvæðum.

#### **10. Erindi Vestfjarðastofu**

Í byrjun desember 2023 barst FV/Vestfjarðastofu póstur frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem óskað var eftir því að þau tækju að sér að samræma sjónarmið sveitarfélaganna til aðkomu að byggingu verknámshúss við Menntaskólann á Ísafirði.

Forsenda þess að af byggingu verknámshússins verði er að sveitarfélög á svæðinu taki að sér 40% af stofnkostnaði við bygginguna. Miðað verður við íbúafjölda hvers sveitarfélags frá 1.1.2024 og myndi Kaldrananeshreppur því bera 1,43% kostnað ef öll sveitarfélög á Vestfjörðum taka þátt.

Erindi lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn sér ekki fært um að taka þátt í umræddu verkefni að svo stöddu.

Borið upp og samþykkt.

#### **11. Húsnæðisáætlun**

Húsnæðisáætlun Kaldrananeshrepps lögð fram til kynningar. Í áætluninni er til dæmis gert grein fyrir mannfjöldaspá, íbúðapörf og íbúðum í byggingu.

Lykiltölur greina frá því að mannfjöldaspá eftir fimm ár muni aukast um þrjú íbúa og sjö íbúa eftir tíu ár. Einnig er greint frá því að íbúðapörf eftir fimm ár muni aukast um fimmtán íbúðir og fimmtán íbúðir eftir tíu ár.

Húsnæðisáætlun borin upp og samþykkt.

#### **12. Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytinga á Drangnesi og í landi Skarðs og deiliskipulagsgerðar**

Lýsing skipulagsverkefnis, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga, samþykkt til kynningar.

Oddvita falið að koma athugasemdum sveitarstjórnar á framfæri til skipulagsfulltrúa. Skipulagsfulltrúa er falið að senda hana til umsagnaraðila og setja í opinbera kynningu. Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 23:07